

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Herutún 1-13, landnúmer 214886, 214887 og 214888 (oddatölur).

Í breytingunni felst að í stað eins þriggja íbúða raðhúss, Herutún 1, 3, 5 og tveggja parhúsa, Herutún 7-9 og 11-13, komi þrjú fjögurra íbúða raðhús. Húsin verða innan núverandi byggingarreita.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. janúar 2017.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 23. janúar 2017.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 6. febrúar 2017